# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.......................................................................................... Bls. 1

Stýrihópurinn........................................................................................ Bls. 2

Hvað var gert á skólaárinu............................................................. Bls. 2

Að loknu skólaárinu 2012 - 2013................................................... Bls. 3

# Fylgiskjöl

Leiðb. vegna sjálfsmatsf. með kennurum í FSu 19. sept. 2012 .. Bls. 4

Sjálfsmatsfundur 7. nóv. 2012........................................................ Bls. 5

Tillögur til úrbóta........................................................................... Bls. 14

Aðgerðaátl. að loknum sjálfsmatsf. 7. nóv. 2012......................... Bls. 15

Könnun á líðan nemenda haust 2012.......................................... Bls. 22

Leiðb. vegna sjálfsmatsf. með starfsfólki í FSu 20. feb. 2013.... Bls. 27

Niðurst. og aðgerðaáætl í framhaldinu...................................... Bls. 29

Niðurstöður kannana vorin 2007 – 2013. Nem.úr 10.b. um áram.. Bls. 38

## STÝRIHÓPURINN

Stýrihóp vegna sjálfsmats á skólaárinu 2012 til 2013 mynduðu Björgvin Eyjólfur Björgvinsson og Ester Ýr Jónsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Þórarni Ingólfssyni. Einn fundur var settur inn í töflu á hverri viku báðar annirnar og einnig hittist stýrihópurinn oftar ef þurfa þótti vegna ýmissa ástæðna. Alls urðu vinnufundir sjálfsmatshópsins 27 og skiptust þeir þannig á milli anna að 12 fundir voru haldnir á haustönn 2012 og 15 á vorönn 2013. Fundirnir voru helgaðir skipulagningu á sjálfsmatinu, framkvæmd þess og úrvinnslu.

## HVAÐ VAR GERT Á SKÓLAÁRINU

Í upphafi haustannar var farið yfir hvað væri ástæða til að skoða og meta í skólastarfinu hjá okkur. Ljóst var að til stóð að meta hvort þau markmið sem við settum okkur á síðasta skólaári hefðu náðst. Það sem þurfti að meta á haustönninni var ,,mennskan" og var ákveðið að leggja matið fyrir starfsmenn skólans miðvikudaginn 19. september 2013. Eftirvinna sjálfsmatshóps var mikil eftir að starfsmenn höfðu lokið við að gefa ,,mennskunni" einkunn sína. Stuðst var við HGIOS og var því einkunn 3 og neðar skoðuð sérstaklega af sjálfsmatshópnum. Í framhaldi af þessu var unnin aðgerðaáætlun í samvinnu við starfsmenn.



Könnuð var líðan nemenda í skólanum og var stuðst við gamla könnun sem hafði verið tekin áður. Könnunin var lögð fyrir í Moodle kennsluumhverfinu og var þátttaka því miður ekki nægilega góð. Niðurstöður úr könnuninni voru kynntar fyrir kennurum á kennarafundi miðvikudaginn 21. nóvember 2012.

Í byrjun vorannar var haldinn fundur þar sem sjálfsmatshópurinn fór yfir það sem vert væri að skoða á vorönninni. Ákveðið var að sleppa því að meta það sem tengist starfsumhverfi eins og áætlun gerði ráð fyrir og færa það yfir á vorönn 2015. Ástæða þessa er að starfsumhverfi kemur til með að breytast mikið vegna þess að von er á viðbyggingu við verknámshúsið Hamar. Á önninni var einn sjálfsmatsfundur með starfsfólki skólans og var á þeim fundi metin heimasíða skólans. Þessi fundur var 20. febrúar og gekk hann vel. Í framhaldi af þessum fundi gerði sjálfsmatshópurinn aðgerðaáætlun þar sem athugasemdir starfsmanna voru flokkaðar og síðan sendar til aðila sem beðnir voru um að lagfæra það sem betur mátti fara á síðunni.

Áfram var haldið með samstarf við FVA og FS vegna könnunar á heilsu nemenda okkar. Könnunin var lögð fyrir 8. – 12. apríl í gegnum Moodle

kennsluumhverfið og var svörun ekki eins góð og við reiknuðum með. Gallar komu fram við könnunina sem við leiðréttum áður en hún var lögð fyrir hjá okkur.

Eins og áður var gerð könnun á viðhorfum nemenda til skólans sem komu úr 10. bekk um áramótin. Könnun þessi var lögð fyrir þennan nemendahóp við lok vorannar og gefur hún vísbendingar um hvernig nemendum líkar að fá að hefja framhaldsskólanám hálfu ári fyrr en almennt gerist. Tekið skal fram að þetta eru nemendur sem hafa staðið sig sérlega vel í grunnskólanum.

## AÐ LOKNU SKÓLAÁRINU 2012 – 2013



Eins og áður var stuðst við skoska sjálfsmatskerfið ,,how good is our school". Kerfið hefur reynst okkur vel og hefur verið almenn ánægja með það hjá starfsfólki skólans sem hefur tekið þátt í matinu. Vinna stýrihópsins hefur falist í því að skipuleggja vinnufundi og síðan að vinna úr því sem komið hefur frá hópunum. Áherslur hafa verið á að reyna að sinna úrbótum og fá fólk til þess að vinna að úrbótum á því sem betur hefur mátt fara miðað við niðurstöður matsins. Stýrihópurinn reynir að vera vakandi fyrir möguleikum á að kanna hluti sem eru aðkallandi á hverjum tíma fyrir sig og er gott dæmi um það skoðun á heimasíðu skólans á liðinni vorönn. Þegar nýjungum er ýtt úr vör er mikilvægt að staðan sé skoðuð og metin þegar unnið hefur verið með þessar nýjungar í ákveðinn tíma. Leita mætti meira til stýrihópsins vegna þannig mála.

Stýrihópurinn þakkar öllum þeim sem komu að sjálfsmatinu á einhvern hátt og vonast til að áframhald verði á góðri samvinnu við starfsfólk og nemendur skólans.



## Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar með kennurum í FSu 19. september 2012

**Þátttakendur:** Starfsmenn skólans

**Vinnuferli:**

1. Á fundinum í dag á að skoða lykilþátt 2, Mennsku.
2. Kennurum er skipt niður í 20 hópa.
3. Hópar meta mismunandi markmið, sjá lista neðar.
4. Svör skulu rökstudd með að minnsta kosti fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum).
5. Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast).

Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta (Hér þarf einungis að finna fjögur dæmi sem styðja einkunnagjöf)
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

**Hvert á að skila niðurstöðum?**

- Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:
  H:\starfsfolk\Sjalfsmat\19. september 2012
  Merkja skal skjalið ( Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

**Verkefnin eru:**

a. Hópar 1 og 11 - Nemendur
   i. Skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda.
   ii. **Náms- og starfsráðgjöf:** Standi vörð um velferð nemenda, styðji þá í námi og aðstoði við val á framhaldsnámi.
   iii. **Náms- og starfsráðgjöf:** Styðji við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum.

b. Hópar 2 og 12 - Nemendur
   i. Skólinn veiti nemendum með sérþarfir þjónustu.
   ii. Skólinn stuðli að bættu heilbrigði nemenda.
   iii. Stuðlað sé að styrkari sjálfsmynd nemenda.

c. Hópar 3 og 13 - Nemendur
   i. Spornað sé gegn sjálfseyðandi hegðun.
   ii. Unnið sé að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni.
   iii. Hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast á sinn einstaka hátt.

d. Hópar 4 og 14 - Stjórnun

   i. Starfsfólk sé ráðið með tilliti til réttinda og hæfni (sbr. starfsmannastefna, jafnréttisáætlun).
   ii. Unnið verði eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans til að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins.
   iii. Unnið verði skipulega að þróunarmálum.
e. Hópar 5 og 15 - Stjórnun
   i. Rannsóknum á skólastarfinu verði haldið áfram.
   ii. **Lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum.**
   iii. **Starfsmannafélag** vinni að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks.
f. Hópar 6 og 16 - Stjórnun og Samstarf við aðra
   i. **Kennarafélag vinni** að hagsmunum kennara og auknum gæðum kennslu.
   ii. Skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu.
   iii. Áfram verði unnið í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands (FnS) og Háskólafélag Suðurlands (HFSu).
g. Hópar 7 og 17 - Samstarf við aðra
   i. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) verði haldið áfram.
   ii. Skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins.
   iii. Skapa farveg fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið.
h. Hópar 8 og 18 - Samstarf við aðra
   i. **Hollv**arðasamtökin: Haldi tengslum skólans við fyrrum nemendur sína og komi tengslum á við aðra þá sem bera hag hans fyrir brjósti.
   ii. **Hollv**arðasamtökin: Styrki og efli skólann eftir fremsta megni, fjárhagslega eða á annan hátt.
   iii. **Erlend samskipti**: Veiti nemendum skólans á sem flestum sviðum/brautum tækifæri til að kynnast menningu annarra þjóða.
i. Hópar 9 og 19 - Samstarf við aðra
   i. **Erlend samskipti**: Auki víðsýni og samkennd nemenda.
   ii. **Erlend samskipti**: Stuðli að fjölþættari þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á.
   iii. Að auki eruð þið beðin um að koma með hugmyndir að því hvernig FSu getur myndað tengsl við fyrirtæki á svæðinu og fengið mat frá þeim á skólastarfinu.
j. Hópar 10 og 20 - Samstarf við aðra
   i. **Erlend samskipti**: Styrki kennara skólans faglega og efli sjálfstraust þeirra og víðsýni.
   ii. **Erlend samskipti**: Kynni skólann og umhverfi hans.
   iii. Að auki eruð þið beðin um að koma með hugmyndir að því hvernig FSu getur myndað tengsl við fyrirtæki á svæðinu og fengið mat frá þeim á skólastarfinu.

# Sjálfsmatsfundur 7. nóvember 2012

Eftirfarandi atriði fengu einkunnina 0 til 3 í sjálfsmati þann 19. september 2012.

Hver hópur fær tvö markmið að vinna með.  Þið eruð beðin um að koma með tillögur að úrbótum/aðgerðum til að ná markmiðum skólans. Ígrundið tillögurnar vel.

**Nemendur**

**ii. Skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda.**
Hvernig getum við stuðlað að þessu í skólastarfninu?

- Hópur 1:
    - Setja HSP/siðfræði í kjarna á félagsfræðibraut/öllum brautum.
    - Kennarar í öllum greinum þurfa að spyrja meira gagnrýnna spurninga þar sem nemendur þurfa að rökstyðja sína skoðun. (ekki endilega rétt eða röng svör).
    - Fá námskeið/fyrirlestur fyrir kennara um eflingu á gagnrýnni hugsun. T.d. Ólafur Páll Jónsson Eða einhvern annan. Róbert Haraldsson, Páll Skúlason.
    - Kenna meira með góðu fordæmi, t.d. umgengni þar sem kennarar fara fram með góðu fordæmi.
    - Er unnið með gagnrýna hugsun og siðferðiskennd í LKN og á að halda áfram.
    - Efla umræðu meðal nemenda t.d. með SKOH
- Hópur 2:
    - Vera með verkefni sem krefjast gagnrýna hugsun
    - Auka umræður í kennslunni
    - Kenna nemendum að rökstyðja mál sitt
    - Gefa nemendum fleiri tækifæri til að tjá og rökstyðja mál sitt
    - Efla þátt heimspekinnar
    - Auka siðferðiskennd með því að allt starfsfólk komi fram af virðingu við nemendur (hvort annað)
    - (það sem þér viljið að aðrir gjöri þér, skulu þér og þeim gjöra)
    - Nemendur fylgi öllum reglum sem gilda innan skólans
    - Beita nemendur meiri aga
    - Setja strangari reglur við notkun síma, facebook osfrv. – þegar þar á við
    - **Fá hugmyndir frá nemendum um siðareglur**
- Hópur 8:
    - Kynna fyrir nemendum gagnrýna hugsun. Kennarar séu meðvitaðir um að nemendur rýni til gagns í þeirra greinum: skýra, skilja, meta.
    - Reglur settar og vel kynntar á öllum tímum um vinnulag í verkefnum.
    - Skólinn í okkar höndum: jákvæða nálgun ekki bara umræðu um einelti, heldur líka um samhjálp, samhug, samvinnu.
    - Draga úr samkeppni, t.d. þegar viðburðir eru í skólanum að allt endi ekki með að einhver standi uppi sem sigurvegari (Flóafár, Stjörnumerkjadagar...).
    - Kynningar á mismunandi menningu þjóða t.d. fá nemendur til að vera með kynningar.
- Hópur 9:
    - **Spurningin er tvíþætt og því verður að svara henni í tvennu lagi.** Hægt er að vera gagnrýninn og siðblindur.
        - **Gagnrýn hugsun:**
            - Það má efla starfsemi málfundafélags nemendafélagsins og stofna það sé það ekki til.

        - Það má varpa ofta fram spurningunni *af hverju í kennslu – auka vægi rösktuðnings*
    - **Siðferðiskennd**:
        - Hafa skýrt í reglum skólans að bannað er að leggja fram vinnu annarra
        - Taka grunnatriði siðfræði inn í lífsleikni
        - Hvetja nemendur til að auka vægi siferðisþátta á uppákomum á kátum dögum, s.s. með fyrirlestrum, kynningum og slíku (Blátt áfram, Stígamót...)
        - Hvetja til siðferðisumræðu meðal nemenda, s.s. með málfundi á kátum dögum

**Samstarf við aðra**

**i. Skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu.**
Hvernig er hægt að efla tengsl á milli skólastiga?

- Hópur 1:
    - Iðn- og starfsnámsdagurinn var frábær-meira í þeim dúr.
    - Bjóða grunnskólanemendum oftar á viðburði innan skólans.
    - Kennarar skólanna fundi oftar og ræði saman/stilli saman strengi.
    - Framhaldsskóli unga fólksins. Sumarnámskeið fyrir grunnskólanemendur.
    - Halda kynningardag fyrir grunnskólanemendur, bjóða grunnskólanemendum í kennslustundir einhvern ákveðinn dag.
    - Vinna saman að verkefni sbr. Verkefni í Árborg(Gullin í grendinni)
- Hópur 2:
    - Kennarar milli skólastiganna hittist og ræði málin, t.d. einu sinni á önn
    - Kennurum í þeim greinum sem kenndar eru á báðum stigum sé gert kleift að  hittast og bera saman bækur sínar, t.d. einu sinni á skólaári.
    - Skólastjórnendur eru hvattir til að skapa forsendur til að svo geti orðið
- Hópur 8:
    - Starfsnámsdagur kom vel út.
    - Heimsóknir og kynningar – bjóða í heimsókn, opið hús.
    - Markvisst samstarf við kennara á efstu stigum grunnskólum.
    - Heimsóknir kennara í kennslustundir úr sitt hvorum skólanum.
- Hópur 9:
    - Auka dreifnám og fjarnám fyrir afburða grunnskólanema (samræmd könnunarpróf sýna það)
    - Koma þarf upp skipulagslegu formi sem gerir nemendum kleift að vera nemendur á báðum stigum

**vi. Skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins.**
Hvernig er hægt að efla tengsl á milli framhaldsskóla og annarra skólastiga?

- Hópur 3:

  - Mætti efla samskiptaflæði innan skólans til að fleiri viti af því samstarfi sem þegar er til staðar (sem er töluvert). Kennarafundi mætti t.d. nýta í slíkar kynningar, í stað eilífra tilkynninga sem má hengja upp á tilkynningatöflu.
  - Skólayfirvöld mættu hvetja kennara meira til að fara í námsferðir til háskóla og sérskóla. Ekki síst á verknámssviði.
  - Opna betur leiðir innan skólans fyrir kennara til að komast í erlend samskipti. Til hvers er „alþjóðafulltrúi"? Ætti hann kannski að hjálpa almennum kennurum til að opna slíka kanala? Eða á svona samstarf bara að byggjast á persónulegum áhuga eða getu einstaklinga til að leita þessara leiða í eigin tíma og á eigin ábyrgð? Það má ekki vera bara tilviljanakennt hver kemst í samstarf og hver ekki. Það þarf að búa til „ákveðinn farveg" fyrir þetta, sbr. „opin og gagnsæ stjórnsýsla".
- Hópur 4:
  - Auka aðgengi nemenda í 10.bekk að fjarnámi við FSu.
  - Miðla upplýsingum varðandi námskröfur við háskólana, sbr inntökupróf í sumum deildum - til að kennarar viti betur hvað er gert á næsta skólastigi fyrir ofan.
  - Jákvætt að hafa háskólakynningar hér í FSu, og að fá 10.bekkinga í heimsókn í FSu.
  - Spurning um að bjóða upp á ferðir frá FSu á stóra háskóladaginn.
  - Spurning um að kennarar kynni námið í FSu í grunnskólunum, td að loknum prófum í maí
  - Skólinn gæti búið til myndband eða bækling til að kynna starfsmöguleika/frekara nám að loknu námi í FSu (þeas eftir hverja braut)
  - Útbúa einhvers konar próf fyrir heimasíðu skólans þar sem nemendur velja hvað þeir vilja verða í framtíðinni, og sjá þá hvaða nám þeir þurfa að fara í.
  - Þarf að auka samstarfið við HA – skíðaferð??
- Hópur 10:
  - Stofna til íþróttakeppni við annan framhaldsskóla (heill dagur saman), Keppa í faggreinum. Fara Laugaveginn (eða einhverja fjallgöngu ) fleiri en einn skóli saman. Standa saman að einhverju samfélagslegu verkefni, umhverfis- eða góðgerðar-verkefni.
  - Auka samstarf milli kennara fjórskólanna þar sem það á við. (það virðist vera töluvert í sumum greinum).
  - Auka faglegt samstarf við grunnskóla og leikskóla á svæðinu samanber ráðstefnuna 31.okt. s.l.
  - Nemendaskipti og kennaraskipti milli allra skólastiga.
- Hópur 11:
  - Mætti efla samstarf milli þessa þriggja skóla, FSu, FS og FVA, sem hefur verið í gegnum tíðina – en virðist hafa dregist saman. Persónuleg samskipti, fundir og heimsóknir eru lykill að góðu samstarfi, svo gera verður ráð fyrir einhverjum kostnaði.
  - Mætti hugsa sér samstarf um námsskrárgerð?
  - Mæta vel undirbúin fyrir samráðsfund með kennurum annarra skóla og vera búin að eiga í tölvupóstsamskiptum og ákveða hvað skuli tala um.
  - Stofna umræðuhópa á samskiptamiðlum (t.d. fésbók) milli kennara ólíkra greina.

- „Gæluverkefni“ nemenda til eininga í samstarfi við háskólana, þannig að háskólinn útvegi efni eða verkefni fyrir nemendur í því fagi sem þeir standa sig sérlega vel í (sbr. Verkefnapakka frá háskóla til nemenda í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna).
- Efla námskynningar skólanna: Háskólanna hér og kynningu á okkur fyrir grunnskólanemendur. – Getum við ýtt undir/tryggt að krakkarnir hér fara á slíkar kynningar háskólanna (t.d. að þau verði að velja sér einhverja kynningu og segja svo frá þeim í tíma?) / Rútuferðir til Reykjavíkur á kynningardag háskólanna.
- Efla og hvetja til aukinna samskipta við faggreinakennara grunnskólanna. Reglulegir fundir haldnir!
- Ættu kennarar Fsu erindi á haustþing kennara á Suðurlandi? (Amk grunnfagakennarar: Ens, Dan, Ísl og Stæ)
- Hvað er átt við með „sérskóla“? Listaskólar á borð við tónlistarskólann, kvikmyndaskólann oþh. mætti efla samstarf við, t.d. með formlegum brautum/áföngum. Auka þekkingu kennara hér við skólann á kröfum listaHÁskóla, þannig að nemendur geti verið að vinna markvisst að portefolio og umsóknum í framhaldsnám.

**viii.a. Hollvarðasamtökin: Haldi tengslum skólans við fyrrum nemendur sína og komi tengslum á við aðra þá sem bera hag hans fyrir brjósti.**
**viii.b. Hollvarðasamtökin: Styrki og efli skólann eftir fremsta megni, fjárhagslega eða á annan hátt.**

Hvernig væri hægt að fá Hollvarðasamtökin til að vera virkari?

- Hópur 3:
  - Hollvaraðasamtökin eru sjálfstætt félag og kannski erfitt að stjórna því. Spurning um að einhver innanhúss sé alltaf í stjórn (kannski er það nú þegar?) Þetta er sjálfsagt eins og í öðru félagsstarfi (sjálfboðaliðastarfi), að sýnileikinn og krafturinn í starfinu fer eftir þeim einstaklingum sem þar eru í forsvari. Kannski þyrfti skólinn að hafa aðila innan Hollvarðasamtakanna í hlutastarfi?
  - Hollvaraðasamtökin eru sjálfstætt félag og kannski erfitt að stjórna því. Spurning um að einhver innanhúss sé alltaf í stjórn (kannski er það nú þegar?) Þetta er sjálfsagt eins og í öðru félagsstarfi (sjálfboðaliðastarfi), að sýnileikinn og krafturinn í starfinu fer eftir þeim einstaklingum sem þar eru í forsvari. Kannski þyrfti skólinn að hafa aðila innan Hollvarðasamtakanna í hlutastarfi?
  - Reyna að efla samskipti við atvinnulífið?
  - Ætti foreldrafélagið að vera innan Hollvarðasamtakanna? Foreldrar eigi fulltrúa í stjórn?
- Hópur 4:
  - Hollvarðarsamtökin mættu ef til vill bjóða fyrrverandi nemendum á ýmsa atburði tengda skólanum, til dæmis afmæli og annað.
  - Skólaráð/kennarar gætu fundað með hollvarðarsamtökunum, og ef til vill skipulagt söfnun fyrir ákveðnum hlutum eða búnaði. Til dæmis að leita til fyrirtækja.
  - Samtökin gætu stofnað gjafasjóð til að fjármagna tækjakaup – athuga með virðisaukaskattsafslátt/endurgreiðslu
  - Samtökin gætu tekið þátt í að útbúa kynningarefni fyrir skólann

- Hópur 10:
    - Hollvarðasamtökin eru að vinna gott starf innan skólasamfélagsins og verkefnin við hæfi. Gera Hollvarðarsamtökin sýnilegri á heimasíðu skólans. Láta heyrast meira frá þeim t.d. í netheimum. Reka meiri áróður til að fá fleiri í félagið. Þegar er t.d. opið hús í F.Su þá bjóði Hollvarðasamtökin sínu fólki og hvetji það til að koma og séu sýnileg á slíkum degi.
- Hópur 11:
    - Auka við starfssvið Hollvarðasamtakanna, þannig að fleiri geti tekið þátt í starfinu, ekki endilega fjárhagslega, heldur líka með félagslegum störfum.
    - Hollvarðasamtökin gætu hugsanlega styrkt annað og meira en nemendur á leið út. T.d. með stuðningi við þróunarstarf innan skólans.
    - Tengja Hollvarðasamtök við foreldrastarf; gæti bæði aukið meðlimi í samtökunum (úr röðum foreldra) og eflt innra starf.

**ix.a. Erlend samskipti: Veiti nemendum skólans á sem flestum sviðum/brautum tækifæri til að kynnast menningu annarra þjóða.**
Hvaða stefnu á skólinn að marka sér í erlendum samskiptum?

- Hópur 5:
    - Biðja nemendur sem hafa annan uppruna í aðra eða báðar ættir að kynna land sitt, siði og menningu.
    - Vera dugleg að sækja um styrki og taka þátt í alþjóðaverkefnum
    - Nemendur sem eru í þriðja tungumáli, gætu safnað sér og fenigð styrki til að kynnast því landi og tungu sem þau eru að læra.
    - Hafa samstarf við framhaldsskóla í öðrum löndum, þar sem nemendur þurfa að hafa vini frá þeim skóla í gegnum t.d. facebook og vinna verkefni á því tungumáli sem ,,vinurinn“ talar
    - Gera eitthvað verklegt til að kynnast öðfum löndum, eins og gegnum matreiðslu, myndasýningar,tónlist og bókmenntir.
- Hópur 6:
    - Á hverju ári séu a.m.k. 1-2 evrópsk samstarfsverkefni í gangi. Sótt sé m.a. um Comeniusar, - Leonardo-, Pestalozzi-, Nord-Plus-, Youth in Europe o.fl. styrki.
    - Nýta möguleika E-twinning samskipta. Hvetja kennara til að nota þessa möguleika. Fá E-twinning ,,sendiherra“ í heimsókn
    - Vera með Evrópudag einu sinni á önn, jafnvel í tenglsum við ,, evrópskan tungumáladag“, ,,dag franskrar tungu“ o.s.frv.
    - Efla starf alþjóðafulltrúa FSu
    - Hafa dag erlendra samskipta. Nýta fjölbreytta nemenda- og starfsmannaflóru FSu
    - Tengja erlend samskipti inn í allar námsgreinar
    - Þverfaglegt samstarf – tungumál/náttúruvísindi o.s.frv. Samþætting fjölda námsgreina
- Hópur 12:
    - Leita eftir samstarfi við erlenda skóla, hægt að vera með skiptinám eða nemendaferðir milli skólanna.
    - Hægt að nota etwinning til að virkja samskipti við aðra skóla og nemendur í gegnum netið. Það er hægt í öllum greinum að nýta sér það.

- Skólinn á að marka sér þá stefnu að vera opin fyrir erlendum samskiptum, að vera tilbúin að veita fjármagn í það og stuðning við nemendur og kennara sem vilja vinna við það. Það þarf að stofna nefnd sem getur haldið utan um þessi erlendu samskipti sem nemendur geta nýtt sér og kynnt sér. Nefndin þarf þá að setja sig inn í möguleika á styrkjum og fríðindum sem nemendur geta nýtt sér líka.

- Hópur 13:
    - **Efla þarf Netið** og nýta betur möguleika þess. Með hjálp skjávarpa mætti t.d. vera með fjarfundi á skype.  Þannig mætti **breikka nemendahópa í erlendum samskiptum**. Til að þetta sé gerlegt er grundvallaratriði að **efla tækniþjónustu við kennara innan skólans** til að þeir geti auveldlega nýtt sér það sem tæknin hefur uppá að bjóða.
    - Marka þarf stefnu skólans varðandi skólaheimsóknir og nemendaskipti. Hvernig á að svara beiðni nemenda í ýmsum áföngum sem spyrja ítrekað? ,,Getum við ekki farið í ferð til Parísar, Barcelona, Alsfeld eða Washington... ?"   Hve mikið **fjármagn getur skólinn skaffað**, ætlar hann að styrkja eiga nemendur að fara í fjáröflun, skal leita til fyrirtækja varðandi styrki?? ? - Hér þarf að skilgreina hlutina mun betur.
    - Niðurstaða hóps 13: **Nauðsynlegt að skilgreina upp á nýtt stefnu sklans varðandi erlend samskipti.  Einnig að í skólastarfi sé haldið uppi stöðugri og málefnalegri umræðu um menningu annarra þjóða til að sporna gegn fordómum gagnvart öðrum þjóðum og menningarheimum sem virðast því miður afar lífseigir meðal nemenda okkar.**

**Á sjálfsmatsfundi 19. september 2012 voru tveir hópar beðnir um að koma með hugmyndir að því hvernig FSu getur myndað tengsl við fyrirtæki og stofnanir (viðbót frá hópi 6) á svæðinu og fengið mat frá þeim á skólastarfinu.**
Vinnið úr þessum hugmyndum og komið með tillögur að raunhæfum verkefnum í mismunandi námsgreinum.

- Skólinn stofnar embætti atvinnumálafulltrúa sem kemur á samskiptum við fyrirtæki á svæðinu til þess að þau geti lagt mat á skólastarfið
- Þau telja upp fyrirtæki en ekki hvernig ætti að mynda tengslin
- Væri gott að geta komið á raunhæfum verkefnum sem fyrirtækin gætu svo nýtt sér.
- Fyrirtæki sem væru í samstarfi þyrftu að skilgreina markmið, leiðir að markmiði og matsaðferðir.
- Virkja starfsnámsheimsóknir innan greina.
- Koma á meira starfsnámi.
- Fyrirtækin skili skýrslu um hversu vel undirbúnir nemendur koma í starfsnám.
- Hluti af námsmati gæti verið að fara á vettvang og læra af reynslu.
- Fyrsta skref er að bjóða forsvarsmönnum fyritækja í heimsókn og bjóða upp á samstarf
- bókhaldsfyrirtæki / trésmíðaverkstæði / bifvélaverketæði osfrv. gætu tekið þátt í að búa til áfanga/kennsluáætlanir. Með það fyrir augum að það sé verið að kenna það sem framtíðar starfsmenn ættu að kunna

- starfskynningar hjá fyrirtækjum fyrir kennara

- Hópur 5:
    - Kanna innan skólans hversu mikil samskiptin eru út í samfélagið.
    - Margir innan skólans eru með nemendur í starfsnámi og best er að kennari gangi í þau mál milliliðalaust.
    - En eflaust má auka þessi tengsl.
    - Starfsnám er í gegnum allt iðnnám, sjúkraliðabraut, uppeldisfræði, hestamennskan og starfsbraut.
    - Mætti virkja fleiri greinar til samskifta út fyrir skólan og gefa tíma fyrir það.
    - Fá einstaklinga úr atvinnulífinu til að hitta kennara sem eru með kennslu í fögum sem tengjast beint inn í atvinnulífið og ræða um markmið og áherslur og hvað fólk er tilbúið til að leggja á sig.
    - Meta út frá því hvort nemendur fái vinnu – í sumum greinum er beðið eftir nemendum frá skólanum.
    - Vinnusemi og stundvísi er stór matsþáttur
    - Öllum finnst gott að fá mat á frammistöðu, því það að bæta sig og þróa er markmið allra
- Hópur 6:
    - Efla starfskynningar:
    - Hver nemandi fari á skólagöngu sinni í starfskynningu á tvo ólíka vinnustaði.
    - Dæmi um ***raunhæf*** verkefni:
        - nemendur í hagfræði/viðskiptafræði skoði rekstrargrundvöll stætó
        - nemendur í félagsfræði skoði nýtingu einkabíla (hve margir í bíl á ákveðnum tíma)
        - stærðfræðinemendur reikni meðaltöl og staðalfrávik
        - náttúrufræðin skoði áhrif mismunandi ferðamáta á umhverfið
        - líffræði skoði frárennsli frá fyrirtækjum, skoði endurvinnslumál o.s.frv.
        - tungumálin geta unnið kynningarefni á afmörkuðum þáttum ferðamála
    - Ferðamannaiðnaðurinn
    - Hvaðan koma ferðamenn á Suðurlandi? – Félagsfræðiverkefni/tungumál
    - Stofna teymi frekar en eitt embætti atvinnumálafulltrúa
    - Halda utan um starfskynningu skóla vs atvinnulíf
    - Halda utan um viðkomandi verkefni
- Hópur 12:
    - Hefur verið farið með nemendur í húsasmíði upp í steypustöð að vinna með steypu, það er raunhæft og mjög hagkvæmt fyrir nemendur, skoðað brotþol steypunnar og blöndu hennar. Líka í önnur fyrirtæki sem nýtast nemendur. Nemendur fengu gagnrýni frá fyrirtækjunum á staðnum.
    - Nemendur starfsbrautar fara í starfsnám og fá endurgjöf. Hefur nýst þeim sem dyr að framtíðarstarfi í sumum tilfellum.
    - Ganga milli fyrirtækja í héraði og bjóða aðstoð eða samvinnu vegna verkefna hjá fyrirtækjunum sem gæti nýst nemendum til að nota þá þekkingu sem þeir eru þegar búnir að læra í skólanum, og bæta kannski við, og að fyrirtæking gefi endurgjöf til nemenda, kennara og jafnvel skóla um hversu hæfur nemandi var til að sinna verkefninu í raunaðstæðum. Þá sýnir það hvort að skólinn þarf að bæta við atriðum í kennsluna.

    - Teljum að hægt sé að nýta t.d. jarðskjálftamiðstöðina betur. Þangað hefur verið farið í heimsóknir og það hefur verið samstarf við hana. Teljum að það þurfi bara að festa ákveðinn lið til að það samstarf geti nýst betur.
    - Þeir sem læra sögu gætu farið og lesið, rannsakað í héraðsskjalasafninu. Eins og farið er á hverri önn í Njáluferð og lífsleikniferð ætti að vera hægt að festa svona starfsnámsferðir eða kennslutímabil í öðrum greinum.
- Hópur 13:
    - **Fyrirtækin skili skýrslu um hversu vel undirbúnir nemendur koma í starfsnám.???**
        - Þær **upplýsingar** sem skólinn fær nú frá fyrirtækjunum eru **ekki nægilega skýrar**. Orðspor fer af verknámskennslu frá þeim fyrirtækjum sem taka FSu nemendur á samning. Þar hefur heyrst að fyrirtæki séu alment ánægð og telji þessa nemendur ágætan vinnukraft. Sama má segja um nemendur sem farið hafa í leikskólastörf. Þar berst almenn ánægja frá vinnuveitendum en þær upplýsingar eru **of óljósar**. Skólinn hefur einu sinni fengið skilaboð frá fyrirtæki um það sem má betur fara í uppfræðslu / undirbúningi nemandans. Hér er vísað til kvartana ákv. fyrirtækisins vegna rafvirkjanema sem gat illa skrifað vinnuskýrslu sökum vanhæfni í stafsetningu!
            - Niðurstaða hóps 13 : **Upplýsingastreymi og eftirfylgni milli fyrirtækis og skóla þarf að endurskoða.**
    - **Fyrsta skref er að bjóða forsvarsmönnum fyritækja í heimsókn og bjóða upp á samstarf bókhaldsfyrirtæki / trésmíðaverkstæði / bifvélaverketæði osfrv. gætu tekið þátt í að búa til áfanga/kennsluáætlanir. Með það fyrir augum að það sé verið að kenna það sem framtíðarstarfsmenn ættu að kunna.**
        - Við erum að sjálfsögðu sammála vettvangsheimsóknum fyrirtækja inní skólann: Þannig fá nemendur að heyra og sjá svart á hvítu frá fyrirtækjunum sjálfum eftir hverju stjórnendur eru að leita og hvað ræður úrslitum við val á starfsmönnum.
            - Niðurstaða hóps 13: **Gæti verið góð kveikja og vakið aukinn áhuga nemenda og kennara á tengslum náms og atvinnulífs.**
    - **Starfskynningar hjá fyrirtækjum fyrir kennara og nemendur**
        - Heimsóknir fyrirtækja í skólann og vettvangsheimsóknir nemenda í fyrirtæki. Alltaf er hætta á að þarna geti verið svigrúm fyrir dulda auglýsingastarfsemi. Kennarinn verður að vera ábyrgur fyrir þessum heimsóknum og ganga úr skugga um að þær séu faglegar og alls ekki settar fram sem dulin auglýsing fyrir viðkomandi fyrirtæki. Kennarar eru samt færir um að meta kynningar og framsetningu þeirra.
            - Niðurstaða hóps 13: **Gæta þarf þess að starfskynningar séu faglegar en snúist ekki uppí dulda auglýsingu fyrir viðkomandi fyrirtæki.**

**Hvernig er hægt að sporna við brottfalli?**

- Hópur 7:
    - Iðngreinar sem henta stelpum betur; tengsl við MBF, Garðyrkjuskólann, SS.
    - Fjölbreyttari námstilboð.
    - Samstarf aðila: Fsu – Vinnumálastofnun – félagsmálayfirvöld.
    - Brautir þar sem kennsluaðferðir, inntak námsins er með öðrum hætti.

- Enn frekari stuðninur við nemendur – aukning við stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa. Hugsanlega fleiri sérfræðingar inni í skólanum sem taka þátt í stuðningnum s.s. sérkannarar.
- Auka umræðu og kynningu á verknámi, bæði meðal nemenda og kennara.
- Áfangar sem byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd (efla trú nemenda á eigin getu).
- TAL103 – áfangi þar sem talað er við nemendur.
- ÁHG103 (áhugamál) – Unnin áhugasviðverkefni, tengd áhugamálum.

- **Hópur 14:**
  - Bjóða upp á flölbreyttara námsval
  - „Early spotting“ ; Fylgjast vel með mætingum nemenda strax í upphafi anna
  - Fækka í nemendahópum
  - Gera nemendum kleyft að vera hér á eigin forsendum en ekki ríkis / foreldrum
  - Brottfall er ekki einkavandamál skólanna, það er samfélagslegt fyrirbæri. Það er ekki hægt að gera skólann að sökudólgi.

**Tillögur til úrbóta**

SENT Á ÞÁ SEM ÁTTU AÐ REYNA AÐ BREGÐAST VIÐ ÞVÍ SEM ÞURFTI AÐ BÆTA

Á sjálfsmatsfundi þann 7. nóvember 2012 voru hópar beðnir um að koma með tillögur til úrbóta á nokkrum markmiðum skólans.

Þið eruð vinsamlegast beðin um að vinna að úrbótum með eftirfarandi tillögur til hliðsjónar.

Ekki er ætlast til að skýrslu sé skilað til sjálfsmatshópsins heldur er gert ráð fyrir að einhverjir fái að kynna vinnu sína fyrir starfsfólki.

**<u>AÐGERÐAÁÆTLUN AÐ LOKNUM SJÁLFSMATSFUNDI 7. NÓVEMBER 2012</u>**

Eftirfarandi atriði fengu einkunnina 0 til 3 í sjálfsmati þann 19. september 2012.

Hver hópur fær tvö markmið að vinna með. Þið eruð beðin um að koma með tillögur að úrbótum/aðgerðum til að ná markmiðum skólans. Ígrundið tillögurnar vel.

Úr skjalinu *Markmið FSu*:

**2. Mennska**

**k. Nemendur**

**l. Stjórnun (engar falleinkunnir voru gefnar þessum lið í sjálfsmati þann 19. september)**

**m. Samstarf við aðra**

Að neðan eru þeir hópar starfsfólks sem einstaka liðum er beint til.

## 1. Sent til kennara

**Nemendur**

**ii. Skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda.**
Hvernig getum við stuðlað að þessu í skólastarfninu?

- Kennarar í öllum greinum spyrji spurninga og leggi fyrir verkefni er krefjast gagnrýninnar hugsunar. (senda á kennara skólans)

**Samstarf við aðra**

**vi. Skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins.**
Hvernig er hægt að efla tengsl á milli framhaldsskóla og annarra skólastiga?

- Auka samstarf milli kennara þrískólanna þar sem það á við. (það virðist vera töluvert í sumum greinum). (Aukning í hvaða formi – kennarafundur?)
- Mæta vel undirbúin fyrir samráðsfund með kennurum annarra skóla og vera búin að eiga í tölvupóstsamskiptum og ákveða hvað skuli tala um. (Athuga varðandi kennarafund 18. des. og jafnframt þá fyrirhugaðan fund 28. jan. 2013)

**ix.a. Erlend samskipti: Veiti nemendum skólans á sem flestum sviðum/brautum tækifæri til að kynnast menningu annarra þjóða.**
Hvaða stefnu á skólinn að marka sér í erlendum samskiptum?

- Biðja nemendur  sem hafa annan uppruna í aðra eða báðar ættir að kynna land sitt, siði og menningu. (Vísa til þeirra sem kenna ÍSU)
- Nemendur sem eru í þriðja tungumáli, gætu safnað sér og fengið styrki til að kynnast því landi og tungu sem þau eru að læra. (Vísa til tungumálakennara eða kennslustjóra VV)
- Hafa samstarf við  framhaldsskóla í öðrum löndum, þar sem nemendur þurfa að hafa vini frá þeim skóla í gegnum Netið, t.d. Skype, facebook og vinna verkefni á því tungumáli sem ,,vinurinn“ talar. (Vísa til tungumálakennara eða kennslustjóra VV)
- Gera eitthvað verklegt til að kynnast öðrum löndum, eins og gegnum matreiðslu, myndasýningar,tónlist og bókmenntir. (hugmyndir til kennara)

**Á sjálfsmatsfundi 19. september 2012 voru tveir hópar beðnir um að koma með hugmyndir að því hvernig FSu getur myndað tengsl við fyrirtæki og stofnanir (viðbót frá hópi 6) á svæðinu og fengið mat frá þeim á skólastarfinu.**
Vinnið úr þessum hugmyndum og komið með tillögur að raunhæfum verkefnum í mismunandi námsgreinum.

- Væri gott að geta komið á raunhæfum verkefnum sem fyrirtækin gætu svo nýtt sér. (Inn í kennarasamfélagið)

- Virkja starfsnámsheimsóknir innan greina. (Beina til kennara)
- Niðurstöður hópanna:
    - Dæmi um ***raunhæf*** verkefni: (senda þessar hugmyndir á kennara skólans)
        - nemendur í hagfræði/viðskiptafræði skoði rekstrargrundvöll stætó
        - nemendur í félagsfræði skoði nýtingu einkabíla (hve margir í bíl á ákveðnum tíma)
        - stærðfræðinemendur reikni meðaltöl og staðalfrávik
        - náttúrufræðin skoði áhrif mismunandi ferðamáta á umhverfið
        - líffræði skoði frárennsli frá fyrirtækjum, skoði endurvinnslumál o.s.frv.
        - tungumálin geta unnið kynningarefni á afmörkuðum þáttum ferðamála
    - Ferðamannaiðnaðurinn
        - Hvaðan koma ferðamenn á Suðurlandi? – Félagsfræðiverkefni/tungumál

## 2. Sent á starfsfólk

**Nemendur**

**ii. Skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda.**
Hvernig getum við stuðlað að þessu í skólastarfninu?

- Starfsfólk skólans séu nemendum góðar fyrirmyndir. (senda á starfsfólk skólans)

## 3. Sent á stjórnendur

**Samstarf við aðra**

**i. Skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu.**
Hvernig er hægt að efla tengsl á milli skólastiga?

- Kennarar skólanna fundi oftar og ræði saman/stilli saman strengi. (stjórnendur skólanna – mætti senda á skólastjóra grunnskólanna?)
- Framhaldsskóli unga fólksins. Sumarnámskeið fyrir grunnskólanemendur. (stjórnendur FSu)

**Samstarf við aðra**

**i. Skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu.**
Hvernig er hægt að efla tengsl á milli skólastiga?

- Vinna saman að verkefni sbr. Verkefni í Árborg (Gullin í grenndinni). (tengja við það sem yrði sent á skólastjóra grunnskólanna?)

- Heimsóknir kennara í kennslustundir úr sitt hvorum skólanum. (sama og hér að ofan)
- Auka dreifnám og fjarnám fyrir afburða grunnskólanema (samræmd könnunarpróf sýna það). (Ætti að bjóða upp á fleiri greinar-kostnaður?)
- Efla og hvetja til aukinna samskipta við faggreinakennara grunnskólanna. Reglulegir fundir haldnir! (stjórnendur skólanna – mætti senda á skólastjóra grunnskólanna?)

**vi. Skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins.**
Hvernig er hægt að efla tengsl á milli framhaldsskóla og annarra skólastiga?

2. Erlendir nemendur (Foreign students), einungis eitt PDF skjal var þar, undirkrækjur allar tómar. Betra að sleppa þessu en hafa tómt!
3. Náms- og starfsráðgjöf
   a. Vantar eina mynd af Guðrúnu. Lélegar myndir af hinum námsráðgjöfum. Örn getur tekið betri myndir en eru þarna!

Hópur 14:

4. Við viljum helst færa bókasafnið og námsráðgjafa á upphafsíðuna.

5. Eru forvarnir þjónusta???
6. Væri fínt að taka til í **"önnur þjónusta"**, t.d.:
    a. Sjúkrapróf : okkur finnst erfitt að einhverjum skuli láta sér detta í hug að leita að þessu þarna.
    b. Mötuneyti : allir vita hvað mötuneyti er og að það er matur í boði þar. Mætti sameina upplýsingar um mötuneyti undir einu link.
    c. Ymislegt annað á listanum hér eru bara upplýsingar t.d. frá skrifstofu (um brautskráningu, stundatöflur o.sv.f.) sem mætti sameina undir skrifstofulink á forsíðunni.
    d. Loksins erum við búnar að finna gjaldskrána! Hún er undir skrifstofa. Okkur finnst almennt talað oft erfitt að finna upplýsingar á síðunni. Okkur fannst að ýmislegt vantaði en fundum það óvart eftir að hafa verið að smella og skoða fram og til baka. Skoðuðum ýmsar aðrar heimasíður framhaldskóla og týndum þar upp atriði sem okkur fannst geta orðið til bóta.

v. Hópar 6 og 15 – Samstarf

Opnið síðuna *Samstarf* á gulu láréttu stikunni ofarlega á heimasíðunni.
Á þetta allt heima undir þessum hnappi?
Er eitthvað sem má bæta?
Hópur 6:

1. Þrískólasamstarf er reglulegt samstarf með Suðurnesjum og Akranesi
2. Starfsfólk/ kennarar hafa reglulega sótt um og fengið styrki til erlendra samskipta og eru þá með nemendur í verkefnum, ásamt kennurum/ nemendum frá öðrum löndum. Kostnaður er þá greiddur.
3. Hollvarðasamtökin eru virk í kring um útskriftir, tengsl við eldri nemendur kannski þar með betri.
4. Fræðslunet Suðurlands hefur verið í góðu samstarfi og deilt húsnæði með skólanum fram að þessu.
5. Samstarf við Háskólafélag Suðurlands er óljóst í okkar huga en eykur e.t.v. möguleika nemenda til framtíðar séð. Við verðum kannski ekki nógu mikið vör við þetta samstarf?
6. Reglulegar ferðir starfsfólks skólans til annarra landa þar sem skólar eru skoðaðir og fræðst um skólastig og kennslu í þessum löndum hefur gefið okkur mikið.
7. Samstarf er við foreldra ólögráða nemenda, haldnir foreldrafundir fyrir foreldra nýrra nemenda, skólin kynntur, forvarnir kynntar o. fl.
8. Spurning hvort skólinn ætti að hafa fjölmiðlafulltrúa, svo umfjöllun sé ekki aðeins ef eitthvað bjátar á.
   Gott að koma góðum fréttum í fjölmiðla.

ii. Hópur 15:

1. Gamlar upplýsingar í erlendum samskiptum.
2. Samstarf mætti fjalla meira um samskipti nemenda sín á milli og milli skóla/of starfsmannamiðað.
3. Jákvætt að hafa upplýsingar aðgengilegar um samstarfsaðila
4. Vantar að fjalla um skólaheimsóknir starfsfólks í samstarfinu.
   [Erlent samstarf]

5. Gamlar upplýsingar um innlend samskipti.
6.
7. Mætti endurnýja og bæta inn upplýsingum um styrki til erlendra samskipta.

w. Hópar 7 og 16 – Saga og þróun

Hópur 7:

1. Spurning hvort tengillinn „þróunarverkefni í upplýsingatækni“ megi detta út og fjarlægja efnið af vefþjóninum, vista það og senda þjóðskjalasafni?
2. Spurning hvort tengillinn „eldri veffréttir“ sem geymir fréttir frá 2000-2009 megi fara og efni vistast á viðeigandi stofnun.
3. Spurning hvort sjálfsmatsskýrslur undir „sjálfsmat“ séu nauðsynlegar. Betra er kannski að vista þetta efni á viðeigandi stofnun.
4. Undir gamla þróunarskólavefnum eru nokkrir „dauðir“ tenglar:
   a. Spurningar og svör
   b. Kynning og slóðir fyrir eSchola 2002
   c. Stöðumat og sýn 2002
   d. Tenglar
   e. Vefur verkefnisins hjá Ísmennt
5. Í Annál 2000 eru þessir tenglar óvirkir:
   a. Sigurður Sigursveinsson skólameistari og fundarstjóri, Sævar Tjörvason (tölvudeild, félagsfræði).
   b. Sjálfsmatsskýrsla Skólaár 2006-2007 er dauður tengill.

Hópur 16:

6. Á þetta allt heima undir þessum hnappi? **Já, okkur finnst það.**
7. **Mætti kannski poppa upp liðinn –Nýbreytni“ ? – t.d. segja frá breyttri Busavígslu og þróunarstarfi.**

x. Hópar 8 og 17 – Myndir úr skólalífi & Akademíur

Opnið síðuna *Myndir úr skólalífi* og *Akademíur* á gulu láréttu stikunni ofarlega á heimasíðunni.
Á þetta allt heima undir þessum hnappi?
Er eitthvað sem má bæta?

i. Hópur 8:

1. Myndir úr skólalífi
   a. Er eðlilegt að hafa myndir af föngum í myndasafni vistuðu á heimsíðu skólans?
   b. Góð uppsetning með plúsum í galleríi.
   c. Hver tekur við af Örlygi hirðljósmyndara?
   d. *Ýmsar myndir* þarf að flokka.
   e. Flokkun á kvikmyndum ætti að vera hægra megin við vinstra dálkinn, til þess að vera ekki undirflokkur undir *Myndasafn* og *Ýmsar myndir*
2. Akademíur:

Huga má að kynjahlutfalli og myndskreytinum í Akademíum. Fimleikasíðan ber af!!! Krækjur og áfangalýsingar til fyrirmyndar.

Hópur 17:

**Myndir úr skólalífi**

Á þetta allt heima undir þessum hnappi?

Þetta er ótrúlega mikið og skemmtilegt myndasafn,  gefst varla tími til skrifta meðan það er skoðað.  Eina gagnrýnin sem við getum fundið er að stundum vantar myndir frá ákveðnum tímabilum.  Kannski mætti búa til tímaás fyrir myndasafnið svo það sé auðveldara að átta sig á sögunni.
Er eitthvað sem má bæta?
Svöruðum í lið i.

**Aakademíur**
Á þetta allt heima undir þessum hnappi?
Hér er fyrst val um 4 akademíur, svo eftir að hafa valið eina kemur heilmikill texti fyrir hverja og eina akademíu. Þessu finnst okkur að mætti jafnvel breyta og hafa frekar, myndir, tilkynningar/fréttir og mögulega vísanir í skjöl með meiri upplýsingum.  Kannski mætti taka fram að akademíurnar eru fyrir bæði kynin.
Er eitthvað sem má bæta?
Svöruðum í lið i.

Hópar 9 og 18 – Heimasíður annarra skóla
Skoðið heimasíður annarra skóla og berið saman við okkar.
Er eitthvað sem má bæta hjá okkur?
Er eitthvað á öðrum síðum sem við getum nýtt okkur efnislega?
Hópur 9:
Vantar haus á veffréttir s.b.r. MH

Er eitthvað á öðrum síðum sem við getum nýtt okkur efnislega?

Mætti bæta við tengli á skjáinn s.b.r. FB
Tengil á símanúmer innanhúss  s.b.r VMA
Erum hrifin af táknmyndum í stað texta í tenglahnöppunum.

Heimasíðan okkar er  með mikið af upplýsingum.
Hvernig er hægt að fá fólk til að nota hana meira?

Hópur 18:
Hverju má bæta hjá okkur?
Tenging á Like-síðu á facebook.
Einfalda heimasíðuna og sameina hlekki.
Aðaltenglarnir eru *Skólinn*, *Námið* og *Þjónusta*.
Vantar mynd af starfsmanni (Guðrún Birna), uppfæra nýja starfsmenn mikið fljótar.

Er eitthvað á öðrum síðum sem við getum nýtt okkur?
Upplýsingar fyrir foreldra.
http://www.vma.is/ er flott síða sem er nógu einföld og virkar mjög vel. Iconin eru mjög góð á heimíðu þeirra.

## Niðurstöður kannana vorin 2007 – 2012

## Líðan og viðhorf nemenda sem koma úr 10. bekk um áramót

| | Samt. | % | ´97 árg. | ´96 árg. | ´95 árg. | ´94 árg. | ´93 árg. | ´92 árg. | ´91 árg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda sem byrjaði um áramót | 100 | | 17 | 8 | 13 | 24 | 9 | 17 | 12 |

**1. Hvernig var að byrja í FSu?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Mjög auðvelt | 30 | 32,6 | 4 | 4 | 6 | 8 | 2 | 4 | 2 |
| b) Frekar auðvelt | 53 | 57,6 | 8 | 3 | 6 | 12 | 5 | 10 | 9 |
| c) Frekar erfitt | 9 | 9,8 | | 1 | 1 | 2 | 1 | 3 | 1 |
| d) Mjög erfitt | | | | | | | | | |
| | 92 | 100 | | | | | | | |

**2. Hvernig líður þér í skólanum?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Mjög vel | 65 | 70,0 | 10 | 8 | 10 | 19 | 2 | 10 | 6 |
| b) Frekar vel | 27 | 29,0 | 2 | | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| c) Frekar illa | 1 | 1,0 | | | | | | | 1 |
| d) Mjög illa | | | | | | | | | |
| | 93 | 100 | | | | | | | |

**3. Hvernig gengur þér í náminu?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Vel í öllum námsgreinum | 28 | 30,4 | 6 | 1 | 5 | 6 | 1 | 7 | 2 |
| b) Vel í flestum námsgreinum | 62 | 67,4 | 6 | 7 | 8 | 16 | 6 | 10 | 9 |
| c) Illa í flestum námsgreinum | 2 | 2,2 | | | | | 1 | | 1 |
| d) Illa í öllum námsgreinum | | | | | | | | | |
| | 92 | 100 | | | | | | | |

**4. Hvernig gengur þér með heimanámið?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Mjög vel | 22 | 23,9 | 3 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 2 |
| b) Frekar vel | 62 | 67,4 | 8 | 7 | 9 | 14 | 5 | 11 | 8 |
| c) Frekar illa | 7 | 7,6 | 1 | | 1 | 2 | | 2 | 2 |
| d) Mjög illa | 1 | 1,1 | | | | | 1 | | |
| | 92 | 100 | | | | | | | |

**5. Hvernig líður þér með skólafélögum þínum?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Mjög vel | 67 | 72,0 | 10 | 8 | 11 | 19 | 3 | 10 | 6 |
| b) Frekar vel | 26 | 28,0 | 2 | | 2 | 4 | 5 | 7 | 6 |
| c) Frekar illa | | | | | | | | | |
| d) Mjög illa | | | | | | | | | |
| | 93 | 100 | | | | | | | |

**6. Kvíðir þú því að mæta í skólann eða einhverjar kennslustundir?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Mjög oft | | | | | | | | | |
| b) Stundum | 9 | 9,7 | 1 | | 1 | 2 | 1 | 2 | 2 |
| c)Sjaldan | 29 | 31,2 | 7 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |
| d) Aldrei | 55 | 59,1 | 4 | 7 | 9 | 14 | 3 | 10 | 8 |
| | 93 | 100 | | | | | | | |

**7. Ertu ánægð/ur með að hafa byrjað í FSu um áramót?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Mjög ánægð/ur | 79 | 85,0 | 11 | 8 | 11 | 18 | 7 | 13 | 11 |
| b) Frekar ánægð/ur | 13 | 13,9 | 1 | | 2 | 5 | 1 | 4 | |
| c) Frekar óánægð/ur | 1 | 1,1 | | | | | | | 1 |
| d) Mjög óánægð/ur | | | | | | | | | |
| | 93 | 100 | | | | | | | |

**8. Telur þú rétt að bjóða duglegum nemendum úr grunnskóla að byrja, í fullu námi, hálfu ári fyrr í framhaldsskóla?**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) Já | 93 | 100 | 12 | 8 | 13 | 23 | 8 | 17 | 12 |
| b) Nei | | | | | | | | | |

**9. Hvers vegna er rétt að bjóða duglegum nemendum úr grunnskóla að byrja, í fullu námi, hálfu ári fyrr í framhaldsskóla?**

**Árg. ´91 – um áramót 2006-7**
1) Því þetta er gott fyrir mann ef maður getur þetta þá getur maður klárað fyrr og bara af hverju ekki ef þetta er eitthvað sem maður vill og getur.
2) Því sumir hafa ekkert að gera í tíunda bekk.
3) Það er sanngjarnt því krakkarnir eru tilbúnir fyrir námið og það á ekki að halda aftur af þeim ef þeir vilja fara í þetta.
4) Vegna þess að þetta opnar marga möguleika, þetta er skemmtilegt. Svo fá duglegir nemendur námsleiða í lok 10. bekkjar og þá er þetta mjög sniðugt.
5) Því ég tel að þeir hafi sennilega ekki mikið að gera enn í grunnskóla. Það gefur líka góða möguleika á að klára skólann fyrr.
6) Nemendur geta klárað skólann fyrr. Líður ef til vill betur í FSu en í grunnskóla. Námið hæfir þeirra getu betur.
7) Til að gefa þeim tækifæri á því að flýta fyrir náminu, og kynnast félagslífinu fyrr.
8) Vegna þess að duglegir nemendur eiga að fá að fara hraðar yfir námsefnið ef kostur er.
9) Því nemendur sem eru búnir að standa sig vel eiga það skilið og það hentar þeim kannski betur námslega séð.
10) Vegna þess að ef nemendurnir eru nógu gáfaðir þá eiga þeir rétt á að byrja í skólanum til þess að geta þá klárað námið sem fyrst.
11) Því þá geta nemendur haft meira til að stefna að. Duglegir nemendur fá séns til að sleppa við samræmduprófa stressið. Og þetta eykur áhuga á námi og vilja til að gera vel.
12) Til að gefa þeim tækifæri til að fara á undan í gegnum námið og þurfa ekki að taka samræmdu prófin sem eru bara tímasóun fyrir krakka sem vita að þau ætla í FSu og gengur vel að læra.

**Árg. ´92 – um áramót 2007-8**
1) Ef grunnskólinn er fyrir neðan getu einhvers hefur hann ekkert að gera þar.
2) Þá geta duglegir nemendur fengið að njóta sín.
3) Af því að það er gott tækifæri ef núverandi nám er of létt.
4) Þau eiga það skilið.
5) Af því að það er leiðinlegt að hanga og gera ekki neitt í grunnskóla.
6) Því þá hafa allir tækifæri til að fara á sínum hraða í náminu.
7) Til að þeir fái kennslu sem höfðar til þeirra getu.
8) Það er þroskandi og skemmtilegt.
9) Metnaðarleysið í grunnskólanum er ríkjandi og þar með sanngjarnt að hleypa duglegum og metnaðarfullum nemendum upp.
10) Þetta býður upp á möguleika fyrir duglega nemendur að klára námið.
11) 10. bekkur eftir áramót er voða lítið annað en undirbúningur fyrir samræmd próf. Þeir sem eru með yfir 8,0 um áramótin í 10. bekk eru nánast búnir að læra allt sem á að læra í grunnskóla.
12) Þau hafa oftast metnað til þess að ná árangri og gott að verðlauna fyrir góða frammistöðu.
13) Vegna þess að fólk sem vinnur vel getur fengið betri námsaðstöðu í FSu.
14) Af því að það flýtir fyrir manni og maður verður fljótari með námið og getur það skipt miklu máli fyrir marga.
15) Því það er gott að geta gefið nemendum tækifæri á því.
16) Því það hlýtur engin skaða af, og spennandi reynsla.

**Árg. ´93 – um áramót 2008-9**
1) Til þess að geta klárað námið fyrr og farið þá fyrr í háskóla

2) Vegna þess að hví láta nemendur sem eru með hátt í öllu, láta þá þurfa að bíða í 6 mánuði
3) Því þau hafa unnið fyrir því með því að stunda námið vel og hafa sýnt fram á að þau geta stundað nám fyrr í framhaldsskóla
4) Gott fyrir þá sem geta það
5) Vegna þess að þeir sem geta lært og vilja komast áfram í námi eiga að fá að halda áfram námi á sínum hraða
6) Vegna þess að námið er meira krefjandi og ef maður lærir vel þá er það mun þægilegra
7) Því þeir sem hafa sannað að þeir geti axlað ábyrgðina ættu að fá að reyna við skólann

**Árg. ´94 – um áramót 2009-10**

1) Enginn tilgangur að vera í grunnskóla ef maður kann flest það sem á eftir að kenna.
2) Af því nemendur sem hafa næga getu til að læra og vilja nýta sér það með því að fara yfir.
3) Því að ef þeir hafa getu og áhuga á því eiga þeir að hafa fullan rétt á því.
4) Ef þau ráða við það þá skiptir það voða litlu máli að þau byrji fyrr.
5) Útaf það er mjög þroskandi og er mjög fínt að flýta fyrir sér.
6) Þeir sem hafa dugnaðinn og getuna ættu algjörlega að hafa það til boða að fara fyrr.
7) Bara. Mér finnst það gaman.
8) Mjög sniðust ef maður getur farið, en maður verður samt að hafa í huga að þetta er miklu erfiðara en í grunnskóla!
9) Af því að þetta er einstakt tækifæri fyrir ungmenni að spreyta sig.
10) Því ef þau eru tilbúin þá er það mjög sniðugt.
11) Því að ef þeir geta og vilja það, af hverju þá ekki að fara?
12) Því þau eiga það skilið fyrir vel unnin störf og dugnað.
13) Því þau eiga það skilið.
14) Því sumir eru duglegir og eiga það skilið og vilja byrja fyrr í framhaldsskóla.
15) Því að þetta er frábært tækifæri til þess að stytta sér leið.
16) Vegna þess að það flýtir fyrir þeim í námi í stað þess að eyða tíma í óþarfa vinnu.
17) Krakkar sem eru nógu góð í námi í grunnskóla eiga bara rétt á að fara yfir. Það er ósanngjarnt fyrir þau að þurfa að bíða eftir hinum sem eru minna gáfaðir.
18) Því það hvetur mann áfram. Námið í grunnskólanum er ekki mjög krefjandi. En samt verður að velja nemendurna vel.
19) Vegna þess að það er góð umbun fyrir gott starf, það er gott að hafa markmið til að stefna að.
20) Það er mjög sniðugt fyrir þá sem geta það og flýtir fyrir.
21) Vegna þess að þeir sem leggja sig fram eiga skilið að fá tækifæri til þess að sanna sig.
22) Vegna þess að mér finnst ósanngjarnt að duglegir nemendur þurfi að dragast í grunnskóla, ef það er auðvelt.
23) Vegna þess að mér finnst mikilvægt að duglegir krakkar fái að reyna við erfiðara nám heldur en grunnskólinn hefur uppá að bjóða.

**Árg. ´95 – um áramót 2010-11**

1) Því það er tímasóun að vera í of auðveldu námsefni.
2) Vegna þess að þau hafa bæði þroska og getu (flest allir).
3) Því að ef nemandi hefur allt til þess að fara fyrr og námsefnið í grunnskólanum er allt of létt er miklu sniðugra að fara fyrr og ná árangri í staðinn fyrir að ,,hanga" ennþá í grunnskólanum. Nemandi þarf samt líka að vera andlega og félagslega sterkur til þess að fara fyrr, því maður þarf að vera frekar sjálfstæður.
4) Því að þetta gefur duglegum nemendum færi á að byrja fyrr.
5) Því þetta er frábært tækifæri til að skara framúr og ljúka stúdentsprófi fyrr.
6) Námsefnið í grunnskóla getur verið orðið of auðvel, sem getur orðið til þess að ýta undir námsleiða. Tækifæri til að kynnast nýju fólki, o.fl.
7) Ef maður hefur tækifæri til að takast á við eins krefjandi námsefni og maður hefur tök á þá er það frábært tækifæri til að ná árangri.
8) Vegna þess að það hjálpar þeim að halda áfram í námi. Þá þurfa þau ekki að staldra við í annað hálft ár til að rifja upp eitthvað sem þau kunna.
9) Vegna þess að sumir hafa náð settum markmiðum fyrr en aðrir og kannski passar það betur fyrir nemandann að fara fyrr.
10) Mér finnst að þeir nemendur sem gengur betur ættu að hafa kost á því að fá nám við sitt hæfi, eitthvað sem reynir á nemandann.
11) Sumir nemendur eru búnir með námið í grunnskóla á undan og hafa þá ekkert að gera þar lengur.
12) Það er algjör óþarfi að vera að hanga í grunnskóla ef maður hefur tök á því að fara fyrr í FSu.
13) Óþarfi að neyða þau til að halda áfram í einhverju sem þeim finnst of létt.

**Árg. ´96 – um áramót 2011-12**

1) Því að fyrir þessa nemendur er grunskólanámið oft bara mjög lítið krefjandi. Þau eru alltaf búin á undan hinum og fá voða lítið útúr því sem er gert því að þau eru með allt á hreinu. Þetta er líka bara hálfgerð umbun fyrir þau að fá að fara yfir.
2) Því að það þarf að verðlauna þá sem hafa nógu góðar einkanir að fara yfir. Það eru margir sem finnst námsefnið í 10. bekk of létt og þurfa nám sem er meira krefjandi.

3) Því að þeir sem eru góðir í að læra og duglegir fá þá námsefni sem þeir læra eitthvað af. 10. bekkur er mikið upprifjun og maður lærir ekkert mikið nýtt.
4) Því duglegu nemendurnir hafa ekkert að gera í grunnskólanum lengur þegar þau eru að byrja í 10. bekk. 10. bekkur er bara upprifjun og tel ég bara betra að fara strax yfir í framhaldsskólan í stað þess að vera eh að hangsa í 1 ár.
5) Því þá hafa þeir betra tækifæri til að læra og mennta sig í stað þess að vera enn í grunnskóla og gera hluti sem þú getur auðveldlega.
6) Vegna þess að af eigin reynslu get ég fullyrt að ef yfirburðanemandi er ekki að fá nógu krefjandi verkefni þá deyr námsáhuginn og metnaðurinn og svokallaður skólaleiði tekur við.
7) Í grunnskóla (fyrir nem. sem eru að standa sig) eru litlar kröfur og námið auðvelt. Því er í lagi að fara í FSu til að hafa krefjandi nám.
8) Afbragðsnemendur í grunnskólum lenda oftar en ekki í því að fá námsleiða því námið krefst lítils sem einskis af þeim nemendum. Ég tel þetta flott framtak að geta lagt í það að fara yfir í FSu ef þú ert náms- og félagslega sterkur.

**Árg. ´97 – um áramót 2012-13**

1. Nemendur, sem hafa verið mjög duglegir í grunnskóla, eiga rétt á því að fara fyrr í framhaldsskóla til að geta farið fyrr í erfiðara nám og fá þá meiri tíma til að læra þyngra nám.
2. Þetta er ákveðin umbun fyrir þá sem eiga það skilið.
3. Því að í grunnskóla er oft boðið upp á of auðvelt nám.
4. Til dæmis er verið að verðlauna þá fyrir duglega frammistöðu í námi og síðan er þetta góð leið til að nemendur komi sem fyrst í háskóla og nenni að mennta sig.
5. Því að það gefur góðum (og þeim sem standa sig vel) nemenum kost á því að ljúka námi sínu fyrr og stefna að draumum sínum.
6. Vegna þess að flestum þessara nemenda finnst námið í grunnskóla of auðvelt og hreinlega leiðist, og það getur ekki talist jákvætt. Það er líka gaman að vera með ,,jafningum“ sínum.
7. Það er bara sanngjarnt því þau hafa lagt sig mikið fram í grunnskóla, ef þau fá enga umbun geta þau bara sleppt því að leggja sig fram.
8. Því þeir eru gáfaðir og í FSu er nám sem er miklu erfiðara. Það er samt fullt af gáfuðu fólki í grunnskólum.
9. Svo þeir hafi möguleikann, hvort sem þeir vilja nota hann eða ekki. Ef nemendur vilja fara á undan en geta það ekki þá er það frekar leiðinlegt fyrir þá.
10. Þetta eru svo æðisleg verðlaun/viðurkenning fyrir þann sem leggur sig fram.
11. Til þess að hefja nám sem hæfir þeim betur.
12. Því að þau hafa sennileg unnið að því og ef þeim er boðið það geta þau samt neitað.

**10. Hvað getur skólinn gert til að auðvelda ykkur að hefja nám í FSu?**

**Árg ´91 – um áramót 2006-7**
1) Svo sem ekkert, þetta er búið að vera mjög fínt.
2) Kenna það sem nemendur hafa ekki lært eða skilið.
3) Náttúrufræðikunnátta, þyrfti að taka einhvers konar hraðferð haustið fyrir brottför.
4) Kynnt okkur vel fyrir öllu námi sagt okkur helstu grunnatriði í hverju fagi sem við þurfum að kunna áður en við komum.
5) Sett aðeins eða lagt meiri áherslu á námið held ég aðallega annars ekkert frekar.
6) Aðeins meiri upplýsingar fyrir fyrsta skóladag, sem og alltaf þegar illa á stendur. ATH! Að hægt sé að fara í 102 áfanga við byrjun td. Stæ 102.
7) Stærðfræði stuðning á betri tíma eða oftar í viku. Koma fram við okkur eins og venjulega busa (sem er gert) –Busavígslan !!!
8) Undirbúa mann betur.
9) Ég er ekki viss því mér finnst ekkert þurfa að bæta þetta. Það var svo auðvelt að aðlagast og við ágætlega undirbúinn námsega úr grunnskólanum.
10) Þetta var bara nokkuð gott eins og það var núna en það mætti láta nemendur taka fleiri próf og kannanir til að gá hvort þeir séu tilbúnir í þetta.
11) Mér finnst skólinn hafa verið mjög duglegur að hjálpa okkur.
12) Farið með okkur í skoðunarferð um skólann, ég var að villast hérna alveg fram í febrúar og veit ekki ennþá hvar allt er.

**Árg. ´92 – um áramót 2007-8**
1) Veit ekki.
2) Þetta er fínt eins og það er.
3) Veit það ekki.

4) Haft kynningar.
5) Reynt að hjálpa okkur meira.
6) Held að þetta sé bara fínt.
7) Ekkert sérstakt.
8) Mér finnst þetta fínt svona.
9) Góðan undirbúning.
10) Það sama bara.
11) Ekkert.
12) Þetta er bara fínt eins og það er.
13) Hjálpa okkur aðeins meira í náminu og betri undirbúningi.
14) Meiri upplýsingar um próf og stundaskrá.
15) Þetta er fínt eins og þetta er.
16) Kynnt námsefnið og aðstæður (námsefnið). Kennara.

**Árg. ´93 – um áramót 2008-9**
1) Betri upplýsingar um námið og hvernig skólinn gengur fyrir sig.
2) Fínt eins og það er
3) Útskýra betur í áföngunum
4) Gefa betri upplýsingar hvað á að gera þegar verið er að byrja
5) Halda kynningu í grunnskólunum

**Árg. ´94 – um áramót 2009-10**
1) Mjög fínt eins og það er.
2) Þetta er fínt eins og það er.
3) Ekkert.
4) Minnt okkur á heimalærdóm.
5) Minnt okkur betur á heimalærdóm.
6) Hjálpað með að velja tíma sem henta vel.
7) Undirbúa sig vel, t.d. eins og láta okkur fá verkefni frá FSu.
8) Endurnýjað lesbækur, eins og Gule handsker.
9) Ööö ég er ekki viss ☹
10) Að sýna kennsluaðferðir og kenna nemendum á kerfið.
11) Bara ekki neitt.
12) Ég hef ekki hugmynd um það.
13) Allt var gert til þess!
14) Að kynna fyrir okkur skólastarfið og hjálpa okkur að skipuleggja okkur betur.
15) Kennt námstækni.
16) Ekkert að vanbúnaði ☺
17) Setja allt heimanámið á netið.
18) Veit ekki.
19) Bara taka vel á móti okkur ☺
20) Mér finnst þetta fínt eins og það er.

**Árg. ´95 – um áramót 2010-11**
1) Kynnt allt vel.
2) Að kynna skólann betur fyrstu tvo dagana.
3) Haldið kynningar.
4) Mér fannst það mjög auðvelt svo að það er ekkert.
5) Aldrei neyða okkur til að fara í 103 í öllu, það eru ekki allir jafn tilbúnir til að taka svona stór skef, námslega séð.
6) Mér finnst skólinn standa sig frábærlega í þeim efnum.
7) Útskýrt betur hvernig hlutirnir virka, t.d. Moodle og Inna.
8) Sagt hvernig námsaðferðum er háttað, t.d. að það sé nauðsynlegt að hafa laus blöð og möppur.
9) Í sumum áföngum er of mikið að læra, of mikið álag og sumir kennarar mættu skipuleggja sig betur, ekki hafa allt í einu öll prófin í síðustu vikunni.
10) Voðalega fátt. Það eru hins vegar sumir kennarar sem gera meiri kröfur til ofurbusa en annarra nemenda, það finnst mér rangt.
11) Útskýra betur vægi Moodle, prófa og heimanáms frá byrjun.

**Árg. ´96 – um áramót 2011-12**
1) Það er nú ekki mjög erfitt að byrja hér en það væri kannski hægt að kynna námið og kennsluaðgerðir aðeins betur. Kannski líka að láta nemendur skólans vita að það eru „ofurbusar“ að byrja því að það sem var kannski „óþægilegast“ var hvað allir horfðu á mann og svona að pæla hvað maður væri að gera hér. En það er mjög auðvelt að koma nýr inn í þennan skóla.
2) Kynnt fyrir okkur skólann og hvernig allt gengur fyrir sig.
3) Ég held að skólinn gæti ekki gert neitt öðruvísi en það er nú. Það er fínt að láta þá sem koma yfir vera í sömu tímunum svo að maður þekki einhvern.

4) Skólinn getur reynt að fara ítarlegar í allt efni, sett meira heimanám og ekki mata allt ofaní okkur eins og mikið er gert í grunnskólanum.
5) Það er fínt eins og það er. Gott að reyna að hafa þá nemendur saman í tímum sem koma fyrr yfir.
6) Hópefli, það er númer 1, 2 og 3 að falla í hópinn og eignast vini hér en ekki vera einmana og feiminn einn úti í horni og líða illa.
7) Undirbúið okkur vel og að allir kennarar séu jákvæðir með ákvörðunina.
8) Mér fannst það mjög auðvelt að koma yfir. Við vorum nokkuð undirbúin fyrir þetta svo þetta er í góðum málum.

**Árg. ´97 – um áramót 2012-13**

1) Mér finnst skólinn hafa gert nóg til þess að auðvelda okkur að hefja nám í FSu. Mér dettur ekkert í hug sem mætti laga.
2) Mér finnst að grunnskólar eigi að undirbúa nemann betur, þ.e.a.s. maður á að vera búinn að ákveða það miklu fyrr til þess að geta klárað 10. bekkinn og þá fyrst er maður undirbúinn fyrir framhaldsskóla.
3) Góða kynningu á umhverfinu.
4) Þau eru að standa sig vel núna.
5) Búa okkur betur undir námið í FSu, t.d. að axla meiri ábyrgð á eigin námi, nota gagnrýna hugsun og kenna aðeins á kerfið bara. :)
6) Kynna námið og námsaðferðir betur og hvernig skólinn ,,virkar", sérstaklega leggja áherslu á mismuninn á milli grunnskóla og framhaldsskóla, en á jákvæðan hátt.
7) Það væri hægt að hafa minna heimanám.
8) Betri kennslu í grunnskólum.
9) ,,Busaþjálfun" þar sem okkur eru kenndir hlutir sem tengjast náminu sem við vitum ekki svo þeir komi okkur aldrei á óvart.
10) Ekkert. Það er svo auðvelt að byrja svo lengi sem viðkomandi á einhverja vini í skólanum.
11) Ég sé voða lítið sem á að gera til þess að auðvelda, þannig séð.
12) Svarað spurningum okkar betur, t.d. veit ég ekki ennþá hvort mætingareglurnar hafa tekið gildi eða hvað gerist eftir prófadagana.

**11. Hvað hefur reynst þér erfiðast við að vera í FSu?**

**Árg. ´91 – um áramót 2006-7**

1) Er ekki alveg viss örugglega samt að þetta er svo miklu meira undir manni sjálfum komið.
2) Stærðfræðin og félagslega fyrstu vikurnar.
3) Að halda sambandi við vini úr grunnskóla (ekki alslæmt þó)
4) Námið er aðeins erfiðara og byrjunin var pínu erfið meðan maður var að komast inn í kerfið.
5) Að halda utan um allt mitt heimanám sjálf og þurfa að muna sjálf í staðinn fyrir eins og í grunnskólanum alltaf sífellt verið að tyggja allt ofan í mann.
6) Námsgreinarnar eru allar mjög vel við hæfi, hvað varðar erfiði og þess háttar. Nema stærðfræði.
7) Þegar fyrst var komið í skólann, að passa inn í.
8) Allt námsefnið sem ég missti af í grunnskólanum, það sem var kennt eftir áramót s.s raungreinar og mikið í tungumálum.
9) Voða litlir erfiðleikar fyrir utan smá örðugleika í upphafi stærðfræðiáfangans en það batnaði fljótt.
10) Það er búið að vera erfiðast að byrja að gera hluti sem ég veit ekkert hvað er og svo er þetta líka miklu meira nám en í grunnskóla.
11) Ég sit aldrei með neinum hóp né ákveðnum borðum.
12) Ég eyði miklu meiri peningum eftir að ég byrjaði hér þar sem að FSu er ekki í minni heimabyggð og ég er lélegur í stærðfræði ég held að ég þurfi betri grunn í henni.

**Árg. ´92 – um áramót 2007-8**

1) Það er allt of mikið vesen í sambandi við lærdóminn.
2) Fara frá vinum og námið erfiðra.
3) Breyting á námsefni. Erfiðara námsefni.
4) Ekki neitt.
5) Ekkert.
6) Ekkert erfitt.
7) Maður þarf að hugsa meira um sig sjálfur.
8) Byrjaði á annarri braut en ég vildi.
9) Örugglega félagslífið.
10) Allt auðvelt.
11) Að koma inn án vina minna.
12) Skipuleggja mig og átta mig á vinnunni sem fylgir þessu.
13) Að þekkja svo fáa aðra.
14) Ekkert... nema stundum námið.
15) Náttúrufræðiáfangarnir.
16) Allir á mismunandi aldri og ströng gæsla á fjarvistum.

**Árg. ´93 – um áramót 2008-9**

1) Mér finnst frekar erfitt að allir góðu vinirnir eru ekki hér en annars mjög fínt.

2) Námið er frekar erfitt fyrst.
3) Að kynnast öðrum krökkum.
4) Mæta í tíma.
5) Að fara með rútunni og að fylgjast vel með í öllum áföngum.
6) Að hafa ekki komið á sama tíma og allir vinir mínir.
7) Hafa tvö eða fleiri próf á sama degi.

**Árg. ´94 – um áramót 2009-10**
1) Mjög lítið.
2) Var smá stund að venjast öðruvísi kennsluaðferðum.
3) Stærðfræði.
4) Muna eftir heimanámi á netinu.
5) Muna að læra heima.
6) Meira álag. Sama rútínan í grunnskóla, lítið heimanám. Erfitt að venja sig á heimanám.
7) Sum verkefni og próf.
8) Mikið heimanám og bara mikið nám.
9) Að komast ekki heim þegar stundataflan mín er götótt [bý á ...]
10) Danskan ☹
11) Það þarf að leggja meira á sig ☺
12) Ekki neitt.
13) Meira heimanám.
14) Það er meira heimanám og öðruvísi kennsluaðferðir.
15) Stíf dagskrá, er í 22 einingum. Annars er þetta fínt.
16) Það er bæði auðveldara og betra í FSu en í grunnskólanum.
17) Að ná að skipuleggja skóla og frístundir.
18) Danska, kennarinn nennir ekkert að hjálpa mér.
19) Vera yngst.
20) Það er náttúrufræði 123.
21) Vakna í skólann.
22) Bara allt öðruvísi kennsluaðferðir sem þarf að venjast.Fyrsta vikan var pínu erfið, allir að horfa á mann en síðan lagaðist það.

**Árg. ´95 – um áramót 2010-11**
1) Ekkert erfitt. Leiðinleg hópaskipting í frítíma samt.
2) Námið er erfiðara en í grunnskóla, annars er ekkert.
3) Það hefur allt gengið mjög vel bæði námslega og félagslega.
4) Það var smá erfitt að læra á skólann en það kemur bara með tímanum.
5) Stærðfræði og danska.
6) Að skipuleggja mig, sérstaklega með heimanámið. Að hafa tíma fyrir heimanámið samhliða íþróttum.
7) Stærri skammtur af verkefnum en ég var vön og stundum of mikið að gera.
8) Danskan.
9) Að aðlagast og svo er líka hræðilega klíkuskipt og mjög margir fordómafullir.
10) Í sumum námsgreinum átti ég í smáerfiðleikum með að halda í við heimanámið, en það vandist fljótt.
11) Það er stundum of mikið heimanám.
12) Einstaka fög hafa verið mjög erfið en erfiðast held ég að sé að búa að heiman.
13) Heimanámið.

**Árg. ´96 – um áramót 2011-12**
1) Heimanámið. Ég er í 2 íþróttum og í grunnskóla þurfti ég aldrei að læra heima því að ég kláraði það alltaf í tímum. Þannig að núna þarf maður að skipuleggja sig betur bara.
2) Hvað það varð miklu meira nám og maður þarf alltaf að vera að halda dampi í öllu. Mér hefur samt tekist að fúnkera þetta mjög vel og náð að skila öllum verkefnum.
3) Mér hefur gengið frekar vel en erfiðast finnst mér að þurfa að skipuleggja heimanámið. Það var næstum ekkert heimanám í grunnskólanum en hérna er miklu meira heimanám.
4) Tungumálin hafa reynnst mér erfiðust. Hér er mikið spurt um orðaforða, en það var ekkert gert í grunnskólanum.
5) Skipulagning og að þurfa að vinna meira sjálfur og meira heimanám.
6) Að reyna að vinna sjálf úr skólaleiðanum þar sem að ég var í fyrsta skiptið í mörg ár komin með krefjandi námsefni.
7) Enska.
8) Að fara frá bekkjarsystkinum og að fá „heimanámsskell" strax á okkur/mig. Ég hef aldrei áður haft svona mikið heimanám.

**Árg. ´97 – um áramót 2012-13**
1) Heimanámið aðalleg og mætingskyldan.
2) Þetta hefur allt verið ekkert það erfitt, en í byrjun annar var ég með smá kvíða yfir að koma í skólann, en það er örugglega bara eðlilegt.

3) Slit við félaga.
4) Náttúrufræðin og í byrjun var frekar óþægilegt, því margir störðu á mann.
5) Að mæta fyrstu dagana og vera minnst og vita ekki hvað maður á að gera. Svo nokkur stærðfræðipróf.
6) Ekkert sérstakt, það kom mér á óvart hversu auðvelt þetta stökk var.
7) Álagið – það er allt of mikið heimanám.
8) Saga !!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!
9) Halda utan um heimavinnu með Moodle. Það ætti að vera hægt að hafa yfirsýn yfir allt sem þarf að læra heima án þess að þurfa að skoða kennsluáætlun/verkefni í hverju fagi fyrir sig.
10) Danska.
11) Að skipuleggja sjálfan mig hefur verið erfiðast. Annars er allt bara mjög fínt.

Það var erfiðast að falla inn í hópinn fyrst en síðar þegar það var komið varða bara gaman.